

Íþrótt- og tómstundastefna Dalabyggðar

Leiðarljós: Ræktun

Einkunnarorð: Virðing – Traust - Gæði

Stefna Dalabyggðar í íþrótt- og tómstundastarfi er:

- 1. Að faglega sé unnið að tómstundastarfi í sveitarfélaginu**
- 2. Að gætt sé jafnræðis þannig að allir hafi tækifæri til að nýta sér þau íþrótt- og tómstundatilboð sem völ er á óháð búsetu, aldri, kyni, fötlun, fjárhag eða annarrar sérstöðu.**
- 3. Að efla íþrótt- og tómstundastarf, fjölga þátttakendum og efla samvistir fjölskyldna á sem fjölbreyttastan hátt.**
- 4. Að bjóða upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og tómstundastarfs.**
- 5. Að leggja áherslu á forvarnir með öflugu tómstundastarfi og íþróttaiðkun.**



Að faglega sé unnið að íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu.

Með því að.

- Það starfi tómstundafulltrúi í sveitarfélaginu.
- Það starfi fagráð sem vinni með tómstundafulltrúa, þar sem eiga sæti fulltrúi íþrótt-, tómstundafélaga, nemendafélags Auðarskóla og skólaráðs.
- Leitast við að ráða hæfa leiðbeinendur til starfa.
- Nýtt sé sem best sú reynsla og skipulag sem til er hjá frjálsum félögum í sveitarfélaginu.
- Það starfi ungmennaráð í sveitarfélaginu.
- Það verði unnin framkvæmdaáætlun í íþrótt- og tómstundamálum samhliða fjárhagsáætlun.
- Það fari fram öflug kynning á starfi allra sem vinna að íþrótt- og tómstundamálum
- Styrkja einstaklinga til að sækja námskeið á sviði íþrótt- og tómstundaþjálfunar.

Að gætt sé jafnræðis þannig að allir hafi tækifæri til að nýta sér þau íþrótt- og tómstundatilboð sem völ er á óháð búsetu, aldri, kyni, fötlun, fjárhag eða annarrar sérstöðu.

Með því að,

- Stuðla að samfelldum vinnudegi grunnskólabarna og auðvelda þeim að stunda íþrótt- og tómstundastarf í beinu framhaldi af skóla.
- Stuðla að því að kostnaður við íþrótt- og tómstundastarf hamli ekki þátttöku.
- Bjóða upp á gæslu og athvarf fyrir börn sem bíða eftir tómstundastarfi að skóla loknum.
- Bjóða þeim sem eru fatlaðir upp á liðveislu þannig að þeir geti nýtt sér íþrótt og tómstundatilboð í sveitarfélaginu.
- Styðja við íþrótt- og tómstundaiðkun aldraðra, kynna þeim sérstakleg hvað í boði er og gæta þess að þeir einangrist ekki.

Að efla íþrótt- og tómstundastarf, fjölga þátttakendum og efla samvistir fjölskyldna á sem fjölbreyttastan hátt.

Með því að,

- Stuðla að fjölbreyttu framboði til íþrótt- og tómstundaiðkunar fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Nýta reynslu frjálsra félaga sem starfa í sveitarfélaginu.
- Styrkja starfsemi félaga sem vinna að íþrótt- og tómstundamálum.
- Efla samstarf félaga í sveitarfélaginu.
- Styðja við nýja íþrótt- og tómstundastarfsemi .
- Auka samvinnu við nágrannasveitarfélög og stuðla þannig að tengslum við stærri hópa.
- Stuðla að samfelli í skóla-, íþrótt- og tómstunda starfi þannig að samverustundir fjölskyldna aukist.

Að bjóða upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og tómstundastarfs.

Með því að.

- Hafa ávallt hæfa og helst velmenntaða íþrótt- og tómstundaleiðbeinendur sem séu leiðtogar og fyrirmynd í hvívetna.
- Styðja þá leiðbeinendur sem vilja auka við kunnáttu sína og hæfni.
- Koma á fót viðunandi aðstöðu til kennslu íþróttar og sunds í Búðardal.
- Sinna vel viðhaldi íþróttamannvirkja sem fyrir eru í sveitarfélaginu og gæta þess að þau uppfylli kröfur um öryggi.
- Bæta aðstöðu við íþróttavöll og útisvæði í Búðardal.
- Styðja frjáls félög á sviði íþróttar- og tómstundastarfs í að viðhalda aðstöðu sinni.
- Leggja fleiri göngu- hjóla- og reiðstíga í sveitarfélaginu og bæta merkingu þeirra.

Að leggja áherslu á forvarnir með öflugri tómstundastarfi og íþróttaiðkun.

Með því að.

- Styrkja frumkvæði og sjálfstæði einstaklinga og efla sjálfsmynd þeirra.
- Byggja börn og unglinga þannig upp að þau geti sagt nei.
- Efla getu og kunnáttu barna og unglinga í að fara með peninga.
- Auka þekkingu foreldra á forvörnum.
- Leggja áherslu á gildi hreyfingar og holls mataræðis.
- Nýta þá aðila sem vinna að forvörnum, svo sem Lýðheilsustöð, lögreglu, ÍSÍ, UMFÍ.
- Bjóða upp á fræðslu í barnavernd og kynna tilkynningarskyldu barnaverndarlaga.
- Að forvarnir sé að finna í skólanámskrá Auðarskóla. Þar má meðal annars tengja unglinga við atvinnulíf. og aðstoða þau með hjálp námsráðgjafa að finna sín áhuga svið, svo eitthvað sé nefnt.
- Sporna við einelti hvar og hvenær sem tilefni gefst.
- Skemmtanir í sveitarfélaginu samræmist stefnu þess í forvörnum.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar 17.02.2011 Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 15.03.2011 Endursk. útg. samþykkt á fundi fræðslunefndar 04.04.2013 Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 16.04.2013
--